

TILSKIPUN RÁÐSINS**frá 8. mars 1977****um breytingar á tilskipun 70/157/EBE um leyfilegt hljóðstig og útblásturskerfi vélknúinna ökutækja****(77/212/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

fjórum eða fleiri hjólum, og sem eru hönnuð fyrir hámarks-
hraða yfir 25 km á klst., að undanskildum ökutækjum sem
fara eftir teinum, landbúnaðardráttarvélum og vinnuvélum.með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,
einkum 100. gr.,Til að hlífa almenningi við hávaða er nauðsynlegt að gera
ráðstafanir til að draga úr hávaða frá ökutækjum. Tækni-
legar framfarir í smíði ökutækja gera nú kleift að draga úr
hávaða frá þeim.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,Því er nauðsynlegt að breyta viðaukanum við tilskipun
70/157/EBE og lækka leyfilegu hávaðamörkin í dB (A)
fyrir alla flokka ökutækja sem um getur þar.með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar-
innar ⁽²⁾,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:**1. gr.*Í tilskipun ráðsins 70/157/EBE frá 6. febrúar 1970 um sam-
ræmingu laga aðildarríkjanna um leyfilegt hljóðstig og út-
blásturskerfi vélknúinna ökutækja ⁽³⁾, eins og henni var
síðast breytt með tilskipun 73/350/EBE ⁽⁴⁾, er í viðaukanum
mælt fyrir um leyfileg mörk hávaða frá ökutækjum sem
ætluð eru til aksturs á vegum, með eða án yfirbyggingar, áEftirfarandi tafla komi í stað töflunnar í I.1 í viðaukanum
við tilskipun 70/157/EBE:⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 5, 8. 1. 1975, bls. 54.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 62, 15. 3. 1975, bls. 33.⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 16.⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 321, 22. 11. 1973, bls. 33.

	Flokkur ökutækja	Hljóðstig í desíbelum (dB) (A)
I.1.1	Ökutæki ætluð til fólksflutninga sem hafa ekki fleiri en níu sæti að meðtöldu ökumannssæti.	80
I.1.2	Ökutæki ætluð til fólksflutninga sem hafa fleiri en níu sæti að meðtöldu ökumannssæti og með leyfilega hámarksþyngd 3,5 tonn eða minna.	81
I.1.3	Ökutæki ætluð til vöruflutninga með leyfilega hámarksþyngd 3,5 tonn eða minna.	81
I.1.4	Ökutæki ætluð til fólksflutninga sem hafa fleiri en níu sæti að meðtöldu ökumannssæti og með leyfilega hámarksþyngd meiri en 3,5 tonn.	82
I.1.5	Ökutæki ætluð til vöruflutninga með leyfilega hámarksþyngd meiri en 3,5 tonn.	86
I.1.6	Ökutæki ætluð til fólksflutninga sem hafa fleiri en níu sæti að meðtöldu ökumannssæti og með vélarafli 200 hestöfl DIN eða meira.	85
I.1.7	Ökutæki ætluð til vöruflutninga með vélarafli 200 hestöfl DIN eða meira og leyfilega hámarksþyngd meiri en 12 tonn.	88

2. gr.

1. Frá og með 1. apríl 1977 er aðildarríki óheimilt, af ástæðum sem snerta hljóðstig og útblásturskerfi:

— að neita að veita EBE-gerðarviðurkenningu eða afhenda skjal það sem um getur í þriðja undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með aðildarlögunum, eða veita innlenda gerðarviðurkenningu fyrir hverja gerð ökutækis eða

— banna að ökutæki verði tekin í notkun

ef hljóðstig og útblásturskerfi þessarar gerðar ökutækis eða ökutækja er í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðsins 70/157/EBE eins og henni var síðast breytt með þessari tilskipun.

2. Frá og með 1. apríl 1980:

— skulu aðildarríkin ekki lengur gefa út skjal það sem greint er frá í þriðja undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar ráðsins 70/156/EBE um gerð ökutækis ef hljóðstig og útblásturskerfi er ekki í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðsins 70/157/EBE eins og henni var síðast breytt með tilskipun þessari;

— geta aðildarríkin neitað að veita innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis ef hljóðstig og útblásturskerfi er ekki í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðsins 70/157/EBE eins og henni var síðast breytt með tilskipun þessari.

Þó skal dagsetningin „1. apríl 1982“ koma í stað „1. apríl 1980“ að því er snertir ökutæki í flokki I.1.6 í töflunni í 1. gr.

3. Frá og með 1. október 1982 geta aðildarríkin bannað að tekin verði í notkun ökutæki ef hljóðstig og útblásturskerfi er ekki í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðsins 70/157/EBE eins og henni var síðast breytt með tilskipun þessari.

3. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. apríl 1977 og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. mars 1977.

Fyrir hönd ráðsins,

D. OWEN

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.